



## **Félagsfræði, 6. Bekkur.**

### **Námsáætlun skólaárið 2021-2022**

Félagsfræði er stór og víðfeðm fræðigrein sem lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi, samfélagið er á stöðugri hreyfingu og breytist hraðar nú um stundir en tíðkast hefur í gegnum söguna. Hugtök og hugmyndafræði breytast hratt og má taka sem dæmi samfélagsmiðla sem hafa haft gífurleg áhrif á samfélagið sem og knýjandi viðfangsefni samfélaga eins og loftlagsmál, Covid, ófriður og annað sem hefur áhrif á samfélagið og fólkið sem þar býr. Í vetur verður haldið áfram að fjalla um viðfangsefni félagsfræðinnar einnig verður fjallað um meginkenningar og frumkvöðla félagsfræðinnar og hugmyndir þeirra um samfélagið. Farið verður í rannsóknaraðferðir félagsvísinda og munu nemendur vinna tvö rannsóknarverkefni í vetur, annað í hóp en hitt sem einstaklingar. Eftir áramót verður fjallað um kynjafræði og afbrotafræði

Kenndar verða 4 kennslustundir í viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðu, innlögnum kennara og nemenda, tímaverkefnum og fleira. Auk minni verkefna munu nemendur vinna tvö stærri rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara.

## **Markmiðið er að nemendur;**

þjálfist í að fjalla um félagsleg málefni

geti gert grein fyrir helstu kenningum félagsfræðinnar og skilji hvernig kenningaleg nálgun tengist viðfangsefnum og aðferðum félagsfræðirannsókna

geti beitt kenningum um samfélagið við túlkun og greiningu á samfélaginu og samfélagslegum málefnum.

þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu

geti skipulagt og framkvæmt einfaldar félagsfræðirannsóknir og komið niðurstöðum þeirra á framfæri á vandaðan hátt.

## **Námsefni:**

### **Fyrir áramót**

**Vefbók: Félagsfræði, ég við og hin. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.**  
(Valdir kaflar, sumt efni skarast á við efni fyrri vetrar)

<https://vefbok.is/eg-vid-og-hin/>

### **Eftir áramót**

**Vefbók í kynjafræði. Höfundar: Björk Þorgeirsdóttir og Þórður Kristinsson**

<https://vefbok.is/kynjafraedi/>

**Annað efni frá kennara**

## **Námsmat:**

**3 kaflapróf 30% (10% hvert)**

**Rannsókn/verkefni á haustönn 20% (hópverkefni)**

**Eigindleg rannsókn á vorönn 20% (einstaklingsverkefni)**

**Mæting, þátttaka í tímum og skil á minni verkefnum yfir veturinn 30%**

(verkefnaskil fara að jafnaði fram í INNU og því mikilvægt að nemendur skili verkefnum innan gefins tímaramma, einnig er mikilvægt að nemendur komi undirbúnir í tíma til að geta tekið þátt á virkan hátt)

**Nemendur taka ekki jólaþróf og er jólaþrófseinkunn meðaltal af tveimur kaflaþrófum og rannsóknarverkefni haustannar.**

**Nemendur taka stúdentsþróf að vori**

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.